



BÓNDADAGSTILBOÐ RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA, LAMBAFILLE MEÐ BAKAÐRI KARTÖFLU, SALATI OG SÓSU OG ÍS Í EFTIRRÉTTI 6.990,-

Athugið, lokað laugardaginn 20/1 og til kl. 17 sunnudaginn 21/1 vegna árshátíðar starfsfólks

Hildibrand - Hafnarbraut 2 - 740 Neskaupstað - 4771950 - hildibrand@hildibrand.is



AUSTRI

— 18. JANÚAR 2018 —

1. tölublað
2. árgangur

Um fjöllum um:

*„Þegar skó af skönkum
dreg - við skapadóm“*

í bókahluta blaðsins.

Veðurspá

Varmur er kaldinn af heiðinni
gælir við gömul strá.
Strangbrýn stara fjöllin
í staflygna, sofandi sjá.

Kveður í eyrum óljós þytur
er löngu leið hjá.
Vakir sem forðum í rósbleikri nóttu
eilífð undurblá.

Vissum ei þá
að völt og hverful er heimsins sjá.

Blikar í vestrinu
veðurspá.

Ljóðið á forsiðu er eftir Guðjón Sveinsson, og birtist fyrst í Litir og ljóð I - Úr Breiðdal (2008). Nánar er fjallað um ljóðasafn hans og feril inni blaðinu.

Gunnarsstofnun
á tímamótum



Vel gengur á
Vopnafirði



Búið að greina
Hans Jónatan



Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsníðum og eigum líka hitaveituskápa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir
og smíðaðir úr áli.

Láttu ekki stela af þér kútnum!



Blikksmíðjan Vík ehf. / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is



SNJÓKEÐJUR

Keðjur og keðjuféni frá Gunnebo í Svipjöð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.

Piggelin Flex

SR Flex

Gunntrac 5 & 6,5



Austurvegur 89 - 900 Selfess / Landakök - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Í gästade
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

ORMSSON
**janúar
dagar**

15-50% afsláttur
af gæðavörum ORMSSON

AEG
þvottavélar



**15%
afsláttur**

AEG
þurrkarar



**15%
afsláttur**

AEG
upphvottavélar



**15%
afsláttur**

AEG
ryksugur



**15%
afsláttur**

Gerir góð kaup!

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

MÍÐVANGUR 13,
EGILSSTÖÐUM, SÍMI 471-2038



Austfirskur fótbolti í tilvistarkreppu?

Austfirsk knattspyrnufélagöð eru í vissri lægð eftir sumarið 2017, en sumarið 2016 voru þrjú þeirra í 1. deild, þ.e. Leiknir Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð og Huginn Seyðisfirði. Huginn og Fjarðabyggð féllu í 2. deild það sumar en Leiknir fylgdi þeim í 2. deild nú í sumar.

Huginn varð í 5. sæti í 2. deild í sumar, Fjarðabyggð í 8. sæti og Höttur á Egilsstöðum í 10. sæti og slapp naumlega við fall. Sindri Hornafirði hafnaði hins vegar í 12. sæti og féll í 3. deild og Einherji Vopnafirði var í 6. sæti í 3. deild. Einherji má sannarlega muna fífl sinn feegurri á knattspyrnuvællinum frá því í lok síðustu aldar þegar ekkert lið gat bókað sigur gegn þeim fyrirfram á Vopnafjarðarvelli. Þetta er því fjarri því að vera ásættanlegt, og greinilega einhver bið eftir því að austfirskt knattspyrnufélag eigi sæti úrvalsdeild, meðal þeirra 12

bestu á landinu. Ætli ÚÍA, ungmenna og íþróttasamband Austurlands, hafi engar áhyggjur af þessari stöðu?

Þegar Leiknir á Fáskrúðsfirði hélt sæti sínu í 1. deild sumarið 2016 var þar auðvitað um mikið ævintýri að ræða en liðið vann enga útileiki sl. sumar og því fór sem fór nú í sumar.

Kvennaknattspyrnan

Sindri á Hornafirði hafnaði í 7. sæti 1. deildar kvenna árið 2017. Sameiginlegt lið Hattar á Egilsstöðum, Fjarðabyggðar og Leiknis á Fáskrúðsfirði lék í 2. deild kvenna og hafnaði í 7. sæti. Einherji á Vopnafirði varð einu sæti neðar, sem er þó all góður árangur miðað við íbúafjölda. Hjá stúkunum virðist því einnig einhver bið á því að lið af Austfjörðum stimpli sig inn meðal þeirra bestu í kvennafótboltanum á Íslandi.

Sólsker með frábærar sjávarafurðir

Sólsker er sjávarútvegs fyrirtæki sem gerir út smábát á Hornafirði ásamt matvælaframleiðslu. Veigar eru stundaðar yfir allt árið á ýmsum fisktegundum. Sólsker leggur mikið uppúr nýsköpun í matvælaframleiðslu á staðbundnum fiskafurðum. Sólsker framleiðir sínar afurðir í matarsmiðjunni á Höfn sem rekin er af Matís en aðstaðan þar er búin góðum tækjakosti.

Á matarmarkaði Búrsins í Hörpu í desember sl. var Sólsker með á boðstólum gullverðlauna makrílinn, makrílpaté, reyktan- og grafin regnbogasilung, léttreyktan og grafin karfa og nýjasta af nálinni, sem er er léttreyktur og hertur steinbítur. Sól-



Stoltir starfsmenn Sólskers frá Hornafirði kynntu vörur fyrirtækisins í Hörpu.

sker hefur hlotið gullverðlaun erlendis fyrir heitreyktan makríl, ásamt víðurkenningu fyrir makríl pate hýrlendis. Með tímanum hafa aðrar vörur best í hópinn.

Getum við orðið að liði? - Við seljum m.a. þvottavélar • þurrkara • strauvélar
Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótél og gistiheimili

Eigum hágæða þýskt hótellin

DANUBE

Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavík • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icofakta@icofakta.is • www.icofakta.is

KOSIÐ UM SAMEININGU Í MARS

Kosið verður um sameiningu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps laugardaginn 24. mars nk. Samstarfsnefnd sveitarfélaganna skilaði af sér tillögu sinni fyrir skemmstu. Sameiningarviðræðurnar hófust í byrjun nóvember og segja þeir sem komið hafa að vinnunni að mikið hafi verið unnið á stuttum tíma. Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og formaður nefndarinnar sem fjallaði um sameiningu, segir að samstaða hafi verið í nefndinni en nú taki við tvær umferðir umræðna í báðum sveitarstjórnnum án atkvæðagreiðslu og framundan séu tveggja mánaða kynningarfundir þar sem íbúar beggja sveitarfélaganna séu hvattir til þátttöku og að ræða málin og fræðast bæði um kosti þess og galla að sveitarfélögin sameinist. Gefin verður út kynningarbæklingur sem dreift verður í öll hús í sveitarfélögunum. Á kjörskrá eru um 180 manns í Breiðdalshreppi og um 4.700 manns í Fjarðabyggð.

Auk Jóns Björns eiga sæti í nefndinni Hákon Hansson, oddviti Breiðdalshrepps, Jens Garðar Helga-



Breiðdalshreppur.

son, Eydis Ásbjörnsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson frá Fjarðabyggð og Gunnlaugur Stefánsson, Sif Hauksdóttir og Svandís Ingólfssdóttir frá Breiðdalshreppi. Starfsmaður nefndarinnar er Björn Hafþór Guðmundsson.

Sveitarstjórnarkosningar verða á komandi voru, líklega laugardaginn 26. maí nk. og fari svo að sameining verði samþykkt þá verður aðeins eitt

sveitarfélag sunnan Fjarðabyggðar eftir í Norðausturkjördæmi. Djúpa-vogshreppur átti í viðræðum við Sveitarfélagið Hornafjörð og Skaftárhrepp um sameiningu á síðasta ári en þær hugmyndir náðu ekki því flugi þegar á reyndi að hægt yrði að taka afstöðu til þeirra fyrir sveitastjórnarkosningar í vor.

GG

Grunnskóli Borgarfjarðar eystri.



GRUNNSKÓLI BORGARFJARÐAR EYSTRI

Nemendur forritarar framtíðarinnar

Úthlutað var nýverið úr sjóðnum Forritarar framtíðarinnar sem er samfélagsverkefni og hlutu ellefu skólar styrki, samtals um 6,5 milljónir króna fyrir árið 2017. Tilgangur sjóðsins er að efla tækni- og forritunarkennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins. Sjóðnum bárust 32 umsóknir í þessari úthlutun, flestar frá grunnskólum. Styrkir sjóðsins eru í formi tölvubúnaðar og fjárstyrks til þjálfunar kennara til að búa þá betur undir forritunarkennslu fyrir nemendur.

Styrkirnir skiptust milli ellefu grunnskóla víðs vegar um landið. Einn þessara skóla er Grunnskóli Borgarfjarðar eystri. Frá stofnun sjóðsins árið 2014 hefur verið úthlutað til skóla landsins styrkjum fyrir hátt í 40 milljónir króna. Á árinu 2017 bættust við öflugir bakhjarlar Forritara framtíðarinnar en þeir eru fyrirtækin Marel og Advania.

„Það blandast engum hugur um mikilvægi tækni- og forritunarkerfinga í samfélagi nútímans. Við hjá sjóðnum erum afar stolt af því að geta stutt við skóla landsins í þessum efnum og þar með eft þá í að leggja þann grunn sem þarf til að byggja á til framtíðar. Við finnum það að starfið skiptir skólana máli og fyrir auknum áhuga á forritunarkennslu í skólunum. Þjóðir sem best standa hvað tækni varðar búa við ákveðið forskot. Forritun eða innsýn í forritun er nokkuð sem nýtist ungmennum til

Nemendur og kennarar í náttúru-skoðunarferð



framtíðar, ekki ósvipað og fólk býr að því að hafa fengið kennslu í erlendum tungumálum, landafræði og öðrum námsgreinum,” segir Sigfríður Sigurðardóttir, formaður stjórnar Forritara framtíðarinnar.

Grunnskóli Borgarfjarðar eystra

Grunnskólinn á Borgarfirði eystra er heildstæður grunn- og leikskóli þar sem litið er á nám nemenda frá leikskóla til grunnskóla sem eina heild. Í öllu skólastarfinu er rými fyrir fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina samhliða metnaði fyrir bóklegum greinum. Skapandi störf nemenda, sjálfbærni og góð tengsl við grenndarsamfélagið, sögu þess og menningu eru hluti af daglegu skipulagi námsins, ásamt útikennslu. Skipulag náms, kennsluhættir og námsmat er fjölbreytt og miðar að virku nemendalýðræði. Nám barnanna á öllum stigum tekur mið af þessum einkennum og er

einstaklingsmiðað.

„Skólinn okkar er í stöðugri þróun og mótun en þróunarverkefni næstu ára fela í sér að efla fjölbreytta kennsluhætti, auka nemendalýðræði, vinna markvisst að samvinnu heimila og skóla og auka á val og þemánám með það að markmiði að gera nemendur ábyrga námsmenn og manneskjur sem aðhyllast heilbriggt lífarni í nútímasamfélagi,” segir María Ásmundsdóttir Shanko, skólastjóri Grunnskóli Borgarfjarðar eystri.

„Einkennisorð skólans og yfirmarkmið alls þess sem við tökum okkur fyrir hendur eru gleði, árangur og virðing. Þetta eru notaðar og yfirfærðar tölur sem við fáum. Þegar stærri fyrirtæki endurnýja tölvurnar gefa þau þau gömlu tölvurnar í styrk. Við munum nota þær fyrst og fremst til upplýsinga og tæknimenntuntunar. Þetta eru tvær tölur að andvirði um 130 þúsund krónur,” segir María skólastjóri.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR LAND CRUISER

EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



Verð frá: 7.490.000 kr.

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu
- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.

Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LEIÐARI

Sáttavitinn og sjálfsvirðingin

Það er eðlilegt að í upphafi hvers árs líti hver og einn tilbaka og tengi bæði við rætur sínar og gildismat, til að geta markað sýn, farveg og mið inn í komandi tíð. Hjá flestum okkar eru þetta ekki róttækar aðgerðir, fremur staðfesting á að haldið sé á spilunum, maður taki áfram þátt í leiknum. Vissulega fylgir að í menningu okkar er það kannski til síðs að „taka sig á“ – setja sér markmið eins og að huga að heilsunni, næra andann, vera forvitnari um hið óþekkt, osfrv. – en sjaldnast er um miklar kúendingar að ræða í lífn-áðarhátum eða lífsviðhorfum. Kannski komumst við aðeins oftar í ræktina í nokkrar vikur, jafnvel mánuði. Verðum jafnvel sáttari við eitt eða annað í eigin fari og hættem að brjóta okkur niður fyrir að taka ekki þátt í samanburðarfræðum fullkomleikans. Færum einhverja fórn og friðþægjumst við dómarrann; tökum út refsingu, kælum okkur, snúum vörn í sókn! Eða kannski iðrumst við, biðjumst afsökunar, endurheimtum sjálfsvirðinguna og hættem að óttast ranglæti heimsins? Þetta snýst um að finnstilla dómgreindina og trú á kjarkinn þegar við sjáum að tíminn er réttur til að breyta því sem þarf að breyta. Og slíka tíma lifum við í dag; daga hugrekksis og opnunar.



Áföll og afvegaleidd menning

Gildismatið og réttlætiskenninn eru undir smásjá dagsins í dag; viðmið-um gærdagsins hefur verið varpað fyrir róða. Þöggum á ofbeldi, vanmat á lítillsvirðingu, skýingtarleysi um tilfinningar; ákall nýrra tíma felur í sér að allt ofangreint á ekki að njóta menningarlegrar friðhelgi lengur heldur mega hinir varnarlausu hefja raust sína, hinir lítilsvirtu skila skömminni og tilfinningagreind vera eðlilegur og eftirsóknarverður hluti af einkennum heilsteyprar manneskju. Það er afvegaleidd menning sem telur hið „eðlilega“ frumskógarlög; að hinir sterkustu lifi af, eiga vera leiðarljós og viðmið samfélags. Samúð, samhyggð og samabyrgð eru eðlilegri gildi í samtímanum og á að halda á lofti sem slíkom miklu frekar en að við sláum upp skjaldborg um ótta- og vanmáttarviðbrögð þeirra sem ekki eru tilbúnir til þess að horfast í augu við þau áföll sem við öll, hvert og eitt, höfum þurft að glíma við. Vissulega eru þau ólík og margvísleg – atburðir í lífum einhverra virðast smávægilegir í samhengi við stóráföll í lífum annarra – en það eiga öll áföll sameiginlegt að hafa tilfinningaleg áhrif á einstakling og móta viðbrögð hans við öðrum sambærilegum atvikum með afgerandi hætti. Þá má ekki gleyma því að opnunin og úrvinnslan er mikilvæga atriðið; ekki metingur um hvaða tegund áfalls er réttmæt ástæða til að sá sem upplifir það fái samúð, skilning og stuðning til að gera viðkomandi atvik upp.

Hið æskilega er að verða betri

Síðustu mánuðir liðins árs lyftust í uppsveiflu umræðunnar um ofbeldi og yfirgengin mörk, fram komu ábendingar og opnað var á krufningu á þeim meinsemdum karllægrar menningar sem hafa eittrað samskipti og hindrað jafnræði á milli kynjanna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Það er vel. Því ber að mæta með auðmýkt og kærleika og draga af því lærdóm. Það stakk mig á fundi fagaðila í umönnun og sálgeslu í desember þegar tekið var djúpt í árinna – og samhljómur varð mikill um málið á meðal kvenkyns fundarmanna – að áreitnisatvik, ofbeldisbrot og yfirgengin mörk væri alvarleg meinsemd í íþróttalífnum og að fjölmiðlar og umræðustjórnendur veigruðu sér endurtekið við því að opna þá ormagryfju. Málshefjandi benti á að þar væri hagsmunum kvenkyns iðkenda fórn að fyrir ímynd íþróttahreyfingarinnar, þar sem allt á að vera uppbyggilegt og hollt, markvið og mannbætandi. Hinir gríðarlegu fjárhagslegu hagsmunir félaganna í opinberu styrkjaumhverfi væru í húfi ef meinsemdin kæmi upp á yfirborðið og því væri svellþykk þöggunar-menning ríkjandi. Og þó konurnar á fundinum, með fjölmörg dæmi um sína reynslu og annarra tækju skorinort undir stærðargráðu vandans, þá benti samdóma þögn fundarmanna til þess að spá málshefjanda um að „íþróttirnar yrðu hinstá vígið“ ætti líklega eftir að rætast. Það er satt og rétt; það voru ekki íþróttá-frétta-rannsóknar-bláðamenn eða fjölmiðlarnir sem brutu ísinn heldur þolendurnir sjálfir í samtakamættinum. Og því líkir skruðningar, það brestur svo djúpt inn í allt sem við höldum á lofti sem heilnæmum gildum. Keppnissskap, metnaður, karlmennska, baráttuþrek og þölgæði; allt verðum við að skoða með nýjum formerkjum og í nýju samhengi. Að valdefla hina kúguðu er bylgja sem rís úr djúpi óttans við að vera dæmd úr leik. Að skorta þrek, vilja, styrk eða sveigjanleika þegar úrskurður þjálfarans fellur læsir getuna og sjálfs-traustið inni klefa og valdið til sjálfsskilgreiningar er tekið frá okkur. Það er meinsemd í íþróttamenningunni – sem smitar allt samfélagið – og hún snýst um kröfuna um að ekki bara vera heill og sannur, heldur betri en næsti maður. Við skulum hlýða kalli hinna kúguðu því það er ákall samtímans. Við skulum ekki mæla okkur „betri“ í samanburðinum við aðra heldur „betri við okkur sjálf.“ Þannig verðum við vonandi betri útgáfa af okkur sjálfum og þorum þá kannski, mögulega örugglega, að vera betri við aðra, án þess að óttast það að tapa.

Arnaldur Máni Finnsson

1. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Arnaldur Máni, sími: 822 8318 & netfang: arnaldur@pressan.is. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing: Íslandsþóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 5.500 eintökum á öll heimili og fyrirtæki á Austurlandi.



MARGHÁTTA FRAMKVÆMDIR Á VOPNAFIRÐI

Í fjárhagsáætlun Vopna-fjarðarhrepps fyrir árið 2018 er gert fyrir heildartekjum upp á rúman einn milljarð króna og rekstrarafkoman verði jákvæð upp á 133,8 milljónir króna. Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri segir að til framkvæmda verði varið um 105 milljónum króna og þar er stærst bygging vallahúss á íþróttasvæði sveitarfélagsins upp á um 50 milljónir króna. „Vallahúsið er hluti að frekari uppbyggingu á svið íþróttar- og tómstundamála hér. Verið er að vinna deiliskipulag af svæðinu þar sem gert er ráð fyrir m.a. fjölnota íþróttahúsi. Félagsmiðstöð unglinga hefur verið endurskipulögð og er þar boðið upp á nú sem áður uppbyggilegt félagsstarf,“ segir Ólafur Áki.

Aðrar helstu framkvæmdir í Vopnafjarðarhreppi er lagning ljósnets í dreifbýli Vopnafjarðar fyrir um 28 milljónir króna; fráveituframkvæmdir upp á 7,5 milljónir króna; gatnagerð fyrir um 4 milljónir króna; frágangur á lóð leikskólans Brekkubæjar fyrir um 4 milljónir króna auk þess sem kosta þurfti 2,5 milljónum króna til að sorpurðunarstaðurinn að Búðaröxl uppfyllti starfsleyfi.

Sveitarfélagið rekur 11 hjúkrunarrými fyrir aðdráða í Sundabúð og segir sveitarstjóri að samtengt húsinu séu 22 íbúðir fyrir eldri borgara. „Starfsemi Sundabúðar skiptir samfélagið á Vopnafirði miklu máli, bæði hvað varðar að geta boðið öldruðum upp á búsetuúrræði með þjónustu og þá fylgi starfsemi störf sem eru mikilvæg fyrir samfélagið. Vel er staðið að félagsstarfi eldri borgara en starfið var útvíkkað fyrir rúmum tveimur árum og starfshlutfall aukið.“

Lagning ljósleiðara

„Sveitarfélagið hefur samið við verk-taka um lagningu ljósleiðara um dreifbýli Vopnafjarðar. Gert er ráð fyrir því að vekið kosti um 90 milljónir króna og þáttur ríkisins verði um 29 milljónir króna. Með ljósleiðaravæðinu eru m.a. bundnar vonir við að byggð í dreifbýli styrkist, en með slíkri tengingu eiga að skapast aðstaður fyrir fólk til að sinna hinum ýmsu störfum fjarri vinnustað,“ segir Ólafur Áki.

Öflug fyrirtæki

„Auk starfsemi á vegum sveitarfélagsins eru öflug fyrirtæki á staðnum. Má þar nefna HB-Granda sem starfrækir bolfsk – og uppsjávarvinnslu á Vopnafirði. Um 65 fastir starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu. Um er að ræða fyrirtæki sem byggir vinnslu á nýjustu tækni og hefur sveitarfélagið lagt sitt að mörkum til að fyrirtækið geti vaxið og dafnað á Vopnafirði. Samhliða endurnýjun á skipaflota HB-Granda var ráðist í dýpkun hafnarinnar. Sú framkvæmd kostaði hafnarsjóð tæpar tvö hundruð milljónir króna.“

Hvaða önnur fyrirtæki eru áberandi í Vopnafjarðarhreppi og skapa umtalsverða atvinnu?

„Bílar og vélar ehf. er fyrirtæki sem þjónustar fólk- og fyrirtæki. Fyrirtækið hefur komið að uppbyggingu



fiskvinnslu á staðnum og öðlast með því viðtæka þekkingu sem fyrirtæki í sjávarútvegi á landsvísu hafa nýtt sér.

Mælifell ehf. er verktakafyrirtæki í trésmíði og skildri starfsemi. Fyrirtækið hefur komið að uppbyggingu fyrirtækja á staðnum, auk þess að smíði fyrir einstaklinga. Um er að ræða öflugt fyrirtæki í byggingarstarfsemi.

Steiney ehf. er fyrirtæki sem gerir út bíla, grófur og rekur steypstöð. Nýlega gerði sveitarfélagið samning við fyrirtækið um að það tæki að sér sorphirðu og sorpurðum. Auk þess að sjá um sorphlokkunarstöð sveitarfélagsins. Með samningnum er sveitarfélagið að stíga ákveðið skref sem felur í sér að draga sig út úr ákveðnum verkum og fela það einstaklingum og fyrirtækjum. Markmiðið er að verktakastarfsemi eflist á svæðinu og byggð styrkist með fjölbreyttri atvinnutækifærum.“

Aukin ferðapjónusta

Sveitarstjóri segir að verkefni sveitarfélagsins á næstu árum sé ekki síst að efla ferðamennsku á svæðinu. „Ferðapjónustan er orðin stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Þar þurfum við að vinna okkar heimavinnu til að ná fleiri störfum út úr þeirri grein. Við þurfum að bæta innviði og auka þjónustu við ferðafólk og íbúa staðarinnar. Bæta þarf affreyningu bæði út frá þörfum íbúa og ferðamanna.“

Sveitarfélagið hefur unnið að verkefninu „Verndarsvæði í byggð.“ Um er að ræða verkefni sem styrkt er af Minjastofnun og byggir á að vernda ákveðna götummynd. Vopnafjörður hefur mikla sögu og þar eru gömul hús sem mikilvægt er að varðveita auk þess sem nýjar byggingar taki mið af því sem fyrir er á svæðinu.

Sveitarfélagið í samstarfi við Ildi, Austurbrú og Byggðastofnun hefur staðið fyrir verkefni sem byrjaði með íbúðapingi fyrir um einu og hálfu ári, verkefni sem hlaut nafnið „Veljum Vopnafjörð.“ Það er mitt mat að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif samfélagsið.“

Leiguhúsnaði að norrænni fyrirmynd

„Sveitarfélagið í samstarfi við Ildi, Austurbrú og Byggðastofnun hefur staðið fyrir verkefni sem byrjaði með íbúðapingi fyrir um einu og hálfu ári, verkefni sem hlaut nafnið „Veljum Vopnafjörð.“ Það er mitt mat að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif samfélagsið.“

Húsnaðismál er ein stærsta hindrun þess að sveitarfélög á landsbyggðinni geti vaxið í takt við vaxandi atvinnustarfsemi í þeim og að hægt sé að taka við þeim sem þangað vilja flytja og starfa. Hvernig er þessum málum hátt að á Vopnafirði?

„Húsnaðismál eru eitt af stærstu vandamálum hinna dreifðu byggða, það eiga þau sameiginlega. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa ákveðið sameinast um gerð húsnaðisáætlunar fyrir fjórunginn í heild. Þá hafa sveitarfélögin átt fund með framkvæmdarstjóra „Bjarg íbúðafélag“ um aðkomu að byggingu íbúða á svæðinu sem félagið mundi þá eiga og reka. Forsenda fyrir aðkomu þeirra að byggingu íbúða á Austurlandi er gerð húsnaðisáætlunar sem sýndi fram á afdráttarlausa þörf fyrir húsnaði. Stærsti þröskuldur varðandi aðkomu þeirra að íbúðabyggingum er sú staðreynd að tekjur Austfirðinga eru yfir þeim tekjumörkum sem leyfleg er til að framlag komi frá ríki og sveitarfélögum, sem er um 30% af byggingarkostnaði. Það er því mikilvægt að tekjumörkin verði hækkuð eða felld alveg niður. Byggingarkostnaður er það hár miðað við endursöluverð að erfiðlega mun reynast að fá fólk til að byggja meðan að slíkt ástand ríkir. Þá hafa orðið miklar breytingar hvað varðar afstöðu fólks til að eiga íbúð eða leigja. Ungu fólkið er ekki tilbúið til að flytja út á land og byrja á því að byggja. Það vill frekar leigja og hafa tækifæri á að flytja sig til eftir sínum þörfum og átta sig á því hvort það vill setjast að í viðkomandi sveitarfélagi.

Leiguhúsnaði að norrænni fyrirmynd er lykillinn að því að byggð vaxi og dafni utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps.

FRUMSÝNUM CITROËN C3 AIRCROSS SUV



ESS JÚ VÍÍÍÍ!!



SPORTJEPPI FRAMTÍÐARINNAR FRÁ CITROËN ER KOMINN!

Meira pláss, meiri möguleikar

Mikil veghæð
Há sætisstaða
Hljóðlátur
Rúmgóður
Risastórt farangursrými
Framhjóladrif með Grip Control spólvörn
Undurþýð sjálfskipting
7" snertiskjár

FRÁ

2.990.000 KR.

Kröftugur Citroën C3 Aircross SUV – Nýr sportjeppi frá Citroën. Með mikilli veghæð, Grip Control spólvörninni á framhjóladrifinu og brekkuaðstoðinni kemstu hvert á land sem er. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Hann er rúmgóður með breiðum og þægilegum sætum, hárt loft og með ótrúlega góðu fótaplássi. Farangursrými bilsins er það stærsta í þessum flokki bíla eða 410 litrar og að auki eru aftursætin á sleða svo auðvelt er að stækka farangursýmið í 510 litra.

citroen.is

Komdu og mátaðu Citroën C3 Aircross SUV

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á



List í Ljósi 2017, Listamaður Ruta Palinyte. Mynd / Hrefna Björg Gylfadóttir.

LIST Í LJÓSI NÁLGAST

List í Ljósi fagnar sínu þriðja ári á Seyðisfirði dagana 16.-17. febrúar nk. Hátíðin umbreytir landslagi Seyðisfjarðar í uppljómað undraland með listaverkum eftir innlenda og erlenda listamenn eina töfrandi helgi. Listamennirnir í ár munu lýsa upp Seyðisfjörð með nýjum og spennandi verkum. Meðal listamanna þetta árið má meðal annars nefna hljómsveitameðlim Animal collective Brian weitz, Danny Perez, Abigaile Portnes og listamannahópinn Nocturnal sem kemur alla leið frá Nýja Sjálandi.

Sesselja Hlín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar, segir að List í Ljósi muni í samstarfi við listamannahópinn Nocturnal sýna verk á Vetrahátíð Reykjavíkur sem haldin er dagana 1.-4. febrúar nk. í nýju og spennandi samstarfsverkefni Listar í Ljósi og Vetrahátíðar Reykjavíkur. Helgina 16.-17. febrúar munu svo listaverkin birtast áhorfendum eftir að öll bæjarljós hafa verið slökkt. „Ekki er ólíklegt að himininn verði með sitt eigið ljósaverk en árið 2017 fengum við norðurljósa sýningu meðan á hátíðinni stóð, og mun seint gleymast.

En til að njóta alls þess verður fólk að koma til Seyðisfjarðar, því að orð fá þessari hátíð ekki lýst.

Í aðdraganda List í Ljósi munum við bjóða upp á 5 daga kvikmyndahátíð og aðra listræna viðburði dagana 10.-15. febrúar í samstarfi við Flat Earth Film Festival sem mun sýna kvikmyndir, heimildarmyndir, videoverk og stuttmyndir í bíósal Herðubreiðar, menningar- og félagsheimili Seyðisfjarðar. Allar sýningar og viðburðir eru opnir fyrir almenning þeim að kostnaðarlausu,“ segir Sesselja Hlín Jónasdóttir.



Issa mun nú geta sinnt framhaldsnámi með styrk af Héraði

Rótary styrkir Issa til náms í Malavi

Rótaryklúbbur Héraðsbúa hefur ákveðið að styrkja ungan mann frá Malaví, Issa Bonomali frá þorpinu Chirombo við Apaflóa, til þriggja ára kennaranáms á háskólastigi. Issa er kvæntur og tveggja barna faðir, á sex ára dóttur og dreng á öðru ári.

Skarphéðinn G. Þórisson og kona hans Ragnhildur Rós Indriðadóttir

ir voru í hjálparstarfi í Malaví fyrir rúmum áratug en það var upphaf af kunningsskap þeirra Issa og Skarphéðins. Styrkveitingin hefur ekki áhrif á aðra styrki sem klúbburinn veitir til góðra málefna innanlands og á vegum alþjóðastarfs Rótaryhreyfingarinnar. Klúbburinn hefur skipað sérstaka nefnd til að annast verkefnið.

Búið að greina Hans Jónatan

Á dögunum var greint frá því hvernig vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar fóru að því að raða saman erfðamengi Djúpavogsbúans Hans Jónatans úr litningabútum 182 afkomenda hans. Hans Jónatan var fæddur á St. Croix árið 1784 af konu sem var hörundsdökk ambátt en í ár verða 200 ár frá því að farskip kaupmannanna Örum og Wulffs lagðist að á Djúpavogi. Með því kom Hans Jónatan og hafði borist alla leið frá Vestur-Indíum til að taka við verslun Örum og Wulffs á Djúpavogi. Hans Jónatan er talinn vera fyrsti svart maðurinn til að setjast að á Íslandi, en þess ber að gera að nýrri heimildir segja Hans Jónatan hafa komið til landsins löngu fyrir 1818, eða strax í upphafi 19. aldar. Móðir hans hét Emilía Regína og var afrískur þræll á sykurplantekru Schimmelman fjölskyldunnar, en faðir hans var af evrópskum ættum.

Með því að bera kennsl á afríska litningabúta 182 afkomenda Hans Jónatans, tókst rannsakendum að púsla saman um 38% af þeim litningum sem hann fékk frá móður sinni, Emilíu Regínu. Segir í tilkynningu ÍE: Með samanburði á þessu endurraðaða erfðamengi við arfgerðir ýmissa hópa frá Afríku, sýndu rannsakendur fram á að uppruna Emilíu Regínu mætti rekja til þess svæðis í vestur-Afríku þar sem nú eru ríkin Benín, Nígería og Kamerún.

Á þessu svæði voru annað hvort Emilía Regína eða foreldrar hennar hneppt í þrældóm og flutt nauðug til St. Croix í Karabíska hafinu til að vinna á sykurekrum.

Sambærilegar aðferðir gætu nýst til að endurskapa erfðamengi annarra



Í fyrsta skipti sem tekist hefur að sækja erfðamengi löngu látins manns, að því er segir í fréttatilkynningu frá Íslenskri erfðagreiningu.

Frá upptökum heimildarmyndar um Hans Jónatan, sem frumsýnd var í fyrra.

„Hingað til hefur verið nauðsynlegt að hafa aðgang að líkamsleifum til að greina erfðafni úr löngu látnum einstaklingum“, sagði Agnar Helgason, mannfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu og einn höfunda greinar í Nature Genetics um málið.

„Í þessari rannsókn tókst okkur hins vegar að púsla saman litningum Hans Jónatans, sem dó fyrir um 190 árum úr bótum sem afkomendur hans erfðu frá honum. Í einhverjum tilvikum gæti reynst gagnlegt að nota sambærilegar aðferðir til að endurskapa erfðamengi annarra einstaklinga frá þessum tíma, bæði á Íslandi og annars staðar, til að varpa ljósi á uppruna þeirra eða aðra eiginleika,“ er haft eftir Agnari í fréttatilkynningunni.

BB



Sköpunarkrafturinn býr innra með okkur. Við leitumst við að móta umhverfi okkar eftir eigin smekk og þörfum til að öðlast samhljóm og jafnvægi í daglegu lífi. Silestone býður þér upp á fjölbreytta nálgun við þessa tjáningu þegar þú vilt móta nýtt eldhús eða baðherbergi á persónulegan hátt. Silestone er fánlegt í fjölbreyttum áferðum og litum. Silestone bjóða einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn. Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.

www.silestone.com





Vörur, vélbúnaður og þjónusta fyrir minni fiskibáta



- Plastviðgerðir
- Rafgeymar
- Dælur
- Varahlutir



BALDUR HALLDÓRSSON ehf
Skipasmiður

Hlíðarenda / 602 Akureyri
S: 462 3700 / baldurhalldorsson.is

VIÐTAL



Hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir. Eymundur heldur á flösku með repjuolíu.

Fjöreggið helsta faglega viðurkenningin

Eymundur er búfræðingur að mennt og útskrifaðist frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri árið 1973. Eymundur hlaut Landbúnaðarverðlaunin árið 2004 fyrir notkun á skógrækt í landbúnaði og heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir frumkvæði á sviði búskaparhátta og matvælamenningar árið 2011. Eygló er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur áralanga reynslu af matvörumarkaði hér heima og erlendis. Eygló er einn af stofnendum Slow Food hreyfingarinnar á Íslandi og á sæti í stjórn VOR, sem er félag lífræna framleiðenda. Móðir Jörð hlaut Fjöreggið árið 2015 sem veitt er árlega fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla og næringar. Hafði það þýðingu fyrir markaðssetninguna? „Fjöreggið er mikilvæg viðurkenning, það á sér langa sögu á Íslandi, að því koma Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Fjöreggið verður að teljast ein helsta faglega viðurkenning sem í boði er hér á landi og í útflutningi t.a.m. getur verið mikilvægt að hafa hlotið slíkar viðurkenningar. Undanfarin tvö ár höfum við verið í reglubundinni dreifingu á vörum til Bretlands og í slíkum viðskiptum getur svona viðurkenning skipt máli,“ segir Eygló.

Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði

Byggja ferðapjónustuna upp sem viðbót við lífræna matvælaframleiðslu.

Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði er fyrirtæki í lífrænni ræktun og matvælaframleiðslu í eigu hjónanna Eymundar Magnússonar og Eyglóar Bjarkar Ólafsdóttur. Í Vallanesi fer fram lífræn ræktun á korni, grænmeti og reðu til oliugerðar, fullvinnsla og framleiðsla tilbúinna matvæla sem grundvallast á hráefni sem ræktað er á staðnum. Einnig er umfangsmikil skógrækt en á jörðinni hefur verið plantað fjölda trjáa og skjólbelta. Markmið framleiðslunnar er að rækta og nýta hráefni úr nánasta umhverfi staðarins, þróa bragð og rétti í takt við íslenska matvælahefð. Móðir Jörð er samnefnari fyrir hollustu og sálkeralínu sem grundvallast á íslensku korni, grænmeti og jurtum.

Hreinleiki er lykilatriði í lífrænni ræktun og framleiðslu Móður jarðar, ekki er notast við tilbúinn áburð eða eitrefni og matvörunar eru lausar við tilbúin hjálparefni, gervi- og litarefni. Manneldismarkmið eru Eymundi og Eygló Björk hugleikin og lögd er áhersla á kynningu á notkun byggs til manneldis og lögd er síaukin áhersla á vinnslu þess og þróun rétta þar sem þetta úrvals heilkorn kemur við sögu. Framleiðsluvörunar fást í matvöruverslunum um allt land undir vörumerkinu Móðir Jörð. Grænmetið

er útiræktað og árstíðabundið og þar fer fram sérhæfing í fjölbreyttum tegundum fyrir veitingahús og verslanir. Allar framleiðsluvörunar bera vottunarmerki Vottunarstofunnar Túns um alþjóðlega viðurkennda framleiðsluhætti um lífræna ræktun og framleiðslu.

Asparhúsið markaði tímamót
Á jörðinni er risið hús byggt úr aspartrjám sem gróðursett voru á jörðinni 1986 en viðurinn síðan unnin hjá Skógræktinni á Hallormsstað og Skógarafurðum á Viðivöllum í Fljótsdal. Af hverju var þetta gert, og hefði kannski verið ódýrara að kaupa viðinn tilbúinn annars staðar frá?

„Það er svo einkennilegt með það að þegar Albína Thordarson, arkitekt, sem gisti hér hjá okkur á ferðalagi sínu á sínum tíma, kom með þessa hugmynd, þá eiginlega kom ekkert annað til greina. Í dag er þetta hægt, sem betur fer og við auðvitað sniðum hugmyndina þannig til að þetta yrði framkvæmanlegt og viðráðanlegt. Niðurstaðan er huggulegt hús sem sinnir sínu hlutverki vel, það þjónar staðnum og er til þrýði og okkur sem hér búum og störfum mjög mikilvægt hjarta staðarins,“ segir Eygló Björk. „Sjálfsagt hefði verið ódýrara að nota innflutt timbur en þetta snýst um svo

miklu meira fyrir okkur sem skógarbændur.“

Í Asparhúsinu er verslun Móður Jarðar þar sem í boði eru ýmsar lífrænar mat- og heilsuvörur sem framleiddar eru á staðnum úr íslensku hráefni, sem og ferskt grænmeti. Í Vallanesi er boðið uppá staðbundinn morgunverð úr íslensku byggi og léttu grænmetisrétti í hádeginu úr fersku, íslensku og útiræktuðu grænmeti. Hvernig gengur verslunin á staðnum annars vegar og hins vegar veitingasalan? Er opið í Asparhúsinu allan ársins hring?

„Móttökurnar við þessari nýju þjónustu á staðnum hafa gengið vonum fram. Við höfum fengið mjög sterk og góð viðbrögð enda leggjum við áherslu á ferskleika og hollustu og nú getum við gert okkar vörum betri skil. Við höfum í mörg ár verið að taka á móti fólki hér sem hefur viljað kaupa afurðir á staðnum og í stuttu máli hefur okkur vantað betri aðstöðu til að taka á móti því fólki. Við höfðum opið frá apríl út október en munum þróa það í takt við eftirspurn og þróun vetrarferðamennsku. Utan þessa auglýsta tíma bregðumst við við fyrirsögunum og móttöku hópa eftir því sem tilefni er til. Yfir helsta ferðamannatímamann er opið alla daga frá 08.00 – 18.00.“

Vallanes er allfjarri helsta markaðssvæðinu á suðvesturhorni landsins. Skiptir það það einhverju máli hvað varðar markaðssetningu á framleiðslunni?

„Það er ótvírætt ákveðinn ókostur að vera langt frá markaðssvæði, við sendum 95% af allri framleiðslu frá

okkur suður til Reykjavíkur. Þó að Austurland sé ávallt mikilvægasta svæðið í okkar huga og við náum góðum árangri hér, þá stendur mannfjöldinn ekki undir nema broti af okkar framleiðslu. Fyrir þá sem standa sjálfir fyrir allri sölu- og dreifingarstarfsemi þá er flutningskostnaður hár og endalaust viðfangsefni, einnig hár orkukostnaður verandi á köldu svæði. Sem betur fer eru fjarskiptamál að færa í betra horf hér á Fljótsdalshéraði en Íslendingar standa sig ekkert sérstaklega vel í að jafna aðstöðumun á milli svæða, því miður. Það væri mun ákjósanlegra að vera á höfuðborgarsvæðinu þegar hugað er að dreifingu og sölustarfsemi. Þó vissulega séu líka kostir í stöðunni og Fljótsdalshérað yndislegur staður. Við erum einnig með umhverfisvænni framleiðslu, verandi með fullvinnsluna á ræktunarstað. Hráefnið sem við notum í vörunar okkar eru ferskara að meðaltali auk þess fer allur afskurður og annar lífrænn úrgangur aftur út í jarðvegin og hringrásinni lokað. Hér er lífrænn úrgangur því ekki flokkaður sem vandamál.“

Talað er um að nú sé vaxandi góðæri á Íslandi og oft breytir það neyslunum fólks. Hafði þið orðið vör við það hvað varðar vörur sem þið eruð með á markaði?

Eygló Björk segist vona að góðærið sé ekki á leiðinni úr landi. „Tölur benda til sögulegs halla á vöruskiptajöfnuði á síðasta ári sem gefur ákveðnar viðsendingar um þróunina. Það verður mikill hagrænn leki við það að

góðærispeningarnir fari allir úr landi. Móðir Jörð er hins vegar sérhæfður matvælaframleiðandi og við líkt og aðrir reynum bara að gera betur það sem við erum að gera og styrkja okkar samvinnu við viðskiptavinina til að halda merkjum og mikilvægi íslenskrar framleiðslu á lofti.“

Uppbygging ferðapjónustunnar upplifunarbáttur í kynningu á lífrænni ræktun?

„Við erum að byggja ferðapjónustuna utan um það megin hlutverk okkar sem er lífræn ræktun og matvælaframleiðsla. Þetta er skemmtileg viðbót við starfsemina og styður vel við það sem við erum að gera og er tækifæri til að kynna okkar framleiðslu.“

Við sjáum okkar hlutverk þarna fyrst og fremst að bjóða afþreyingu, vera viðkomustaður þar sem hægt er að koma og kaupa eitthvað sérstakt, íslenskar afurðir, heilsu- og sálkeravörur, njóta létttra veitinga í fallegu umhverfi, fylgjast með fólki að störfum og læra e.t.v eitthvað um umhverfi og sögu staðarins í leiðinni.

Asparhúsið er ekki síður yfirlýsing um stöðu skógræktar á Íslandi, nú er nýtt skeið að hefjast þar sem afurðir skógarins og aðstæður eru þess eðlis að hægt er að hefja enn frekari úrvinnslu og sköpun. Við væntum þess auðvitað að Austurland taki sér stöðu og leiði þá vegferð,“ segir Eygló Björk Ólafsdóttir.

Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri 20 ára

Gunnarsstofnun fagnaði 20 ára afmæli sínu í desember. Stofnunin hefur frá árinu 2000 rekið menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri í Fljótsdal með margháttaðri menningarstarfsemi í húsinu sem Gunnar Gunnarsson byggði árið 1939 og gaf íslensku þjóðinni árið 1948 þegar hann flutti til Reykjavíkur ásamt Franziscu konu sinni. Í tilefni tímamótanna ræddi Austri við Skúla Björn Gunnarsson sem hefur verið forstöðumaður stofnunarinnar frá hausti 1999.

„Gunnarsstofnunin stendur á ákveðnum tímamótum núna, komin á fullorðinsaldur og viðurkennd bæði af stjórnmálum og samfélaginu sem mikilvæg stofnun með þýðingarmikla starfsemi,“ segir Skúli Björn.

„Allt frá upphafi hefur hlutverk stofnunarinnar verið viðtækt og má segja að það spegli þær hugsjónir sem skáldið hafði, m.a. varðandi austfirsk fræði og atvinnusköpun. Draumur Gunnars um stórbýlið á Skriðuklaustri hefur síðan ræst með ferðamönnum og Skriðuklaustur orðið að kjarnastað á Austurlandi í ferðapjónustu með tugþúsundir gesta, en megin meginviðfangsefni stofnunarinnar verður þó ætíð rithöfundurinn Gunnar og saga Skriðuklausturs, ekki sist klausturtíminn.“

Að sögn Skúla Björns samþykkti stjórn stofnunarinnar ítarlega stefnu með aðgerðaaætlun til næstu tíu ára á fundi sínum á 20 ára afmælinu. Kjörorð stofnunarinnar eru „Metnaður, framsýni og samstarf.“ Hluti af nýrri endurskoðaðri stefnu snýr að fræðastarfi og menningarmiðlun og er Gunnarsstofnun að feta nýjar brautir í þeim efnum gegnum Evrópuverkefni sem kallast CINE.

Upplifun fólks á minjum bætt
„CINE verkefnið er samstarfsverkefni á Norðurlóðum sem Gunnarsstofnun átti stóran þátt í að koma á laggirnar ásamt álíka lítilli menningarstofnun í Norður-Skotlandi sem heitir Timespan. Aðilar að verkefninu eru alls níu frá Íslandi, Skotlandi, Noregi og Írlandi ásamt tíu aukaaðilum og það er Museum Nord í Norður-Nor-



Verkefni forstöðumanns Gunnarsstofnunar eru fjölbreytt. Hér er Skúli Björn að vinna með sjálfbóðaliðum frá SEEDS að byggingu völuarhúss á Skriðuklaustri.

egi sem leiðir vinnuna. Verkefnið fór af stað í september 2017 og stendur í þrjú ár. Í stórum dráttum er markmið þess að bæta við upplifun fólks á minjum með því að nýta nýjar tæknilausnir í anda hugmyndafræði um „safn án veggja,“ Þannig verður stafræn tækni á borð við viðaukinn veruleika (AR), sýndarheima (VR) og notendavæn smáforrit nýtt til að blása lífi í fortíðina. Að baki tækninni verður þróuð verkfærakista sem mun gera söfnum og samfélögum kleift að skapa nýstárlega nálgun á náttúru- og menningarmínjar,“ segir Skúli Björn og segist binda miklar vonir við verkefnið. Hér á landi mun verkefnið hnitast um Skriðuklaustur hið forna sem verður byggt upp í sýndarheimum og tengingar þess kortlagðar gegnum gamlar ferðaleiðir, verbúðir og eignarlönd.

„Ég vonast til þess að gegnum CINE verkefnið rætist gamall draumur minn um að geta leyft gestum að ganga um klausturrústirnar og á sama tíma vera í sýndarheimum og sjá hús-in og innviði þeirra með sérstökum gleraugum. Þá ætlum við líka að leggja áherslu á að þróa fræðandi leiki um klaustrið og starfsemi þess.“

Margmiðlunarfyrirtækið Locatify er íslenskur aðili að CINE ásamt Gunnarsstofnun en með þeim eru aukaaðilar að verkefninu; Minjastofnun Íslands, Vatnajökulsþjóðgarður, Óbyggðasetur Íslands og Fljótsdals-

hreppur. Í tengslum við verkefnið verður efnt til ráðstefnu og vinnustofu í Reykjavík 16. mars nk. samhliða fundi í verkefninu sem verður haldinn austur í Fljótsdal.

„Einn liður í verkefninu eru að tengja saman leikjaheiminn og safnaheiminn og það ætlum við að gera með góðum ráðstefnudegi í Gerðubergi í Reykjavík áður en ég fæ alla austur á CINE fund. Tölvuleikjaheimurinn er öflugur hér á landi en þrátt fyrir það hafa verið lítil samskipti á milli hans og þeirra safna og stofnana sem varðveita menningararfinn. Þarna ætlum við að stefna saman fólki úr þessum tveimur heimum og vonandi leggja línur um nýstárlega miðlun menningararfsins gegnum snjallsíma og spjaldtölvur sem hægt er að nota í svo margt annað en samskipti á samfélagsmiðlum. Þeir sem vinna með okkur að skipulagningu þessarar ráðstefnu eru m.a. Háskóli Íslands, Tækniskólinn, Samtök leikjaframleiðenda og Gerðuberg.“

CINE verkefnið er gott dæmi um að lítil stofnun í sveit austur á landi er ekki bundin af staðsetningu sinni. Hins vegar sé mannfæðin stundum til trafala en lengst af þessi 18 ár í starfi hefur Skúli Björn verið eini heilsársstarfsmaður Gunnarsstofnunar. Hann segist hins vegar sjá fram á bjartari tíma núna því að ríkisframlög til stofnunarinnar hafa vaxið á síðustu árum eftir harðindatíma í kjölfar efnahagshrunsins. Jafnframt hafa sértekjur



Haustmynd frá Skriðuklaustri.

aukist með meiri ferðamannastraumi.

Áhersla lögð á persónulega leiðsögn fyrir gesti

„Skriðuklaustur skipar orðið sérstakan sess hjá Austfirðingum og það finnur maður best á því hve fólki er duglegt að sækja staðinn heim eða senda gesti sína hingað. Og á landsvísi er staðurinn þekktur og ferðafólk kemur hingað ár eftir ár. Aðdráttaraflíð er enda margþætt, m.a. Gunnarshús með sínum sýningum, minjasvæðið með einstökum rústum frá miðöldum og Klausturkaffi með veitingar sem byggja á hráefni úr nágrenninu. Þá breytir það miklu fyrir staðinn sem slíkan að hafa Snæfellsstofu í næsta nágrenni því að með því móti er hægt að taka á móti mörgum rútum frá skemmtiferðaskipunum í einu inn á staðinn án þess að skapist öngþveiti.

Við leggjum áherslu á persónulega leiðsögn fyrir gesti og að það sé alltaf eitthvað nýtt að sjá. Í sumar vonast ég til að geta sýnt gestum betur inn í fortíðina með fyrstu afurðum úr CINE verkefninu. Jafnframt erum við þessa dagana að vinna með myndbönd sem tekin voru með drónum af gömlu ferðaleiðinni úr Fljótsdal og yfir í Suðursveit fyrir styrk frá Vinum Vatnajökuls. Þessa leið fóru

vermenn Skriðuklausturs fyrir fimm hundruð árum til að veiða þorsk fyrir sjúklinga klaustursins og gerðu út frá Hálsahöfn eða Borgarhöfn sem var í eigu Skriðuklausturs á þeim tíma. Hún lokaðist á 17. öld þegar jöklarnir tóku á stækka en nú stefnir í að hún verði aftur greiðfær með hopun jökla,“ segir Skúli Björn.

Verkefnið fjölbreytt og andrúmsloftið afar frjótt

Ljóst er að af nógu er að taka á skrifborði forstöðumanns Gunnarsstofnunar en skildi Skúli Björn ekki vera orðinn leiður á starfinu eftir 18 ár?

„Þegar ég tók við þessu starfi í lok síðustu aldar sagði ég einhvers staðar í viðtali að fimm ár yrðu hæfilegur tími. Nú er svo komið að við Elísabet kona mín, sem rekur Klausturkaffi, höfum verið tvöfalt lengur að störfum á Skriðuklaustri en Gunnar og Franzisca. Það hefur því heldur betur teygst á þessum fimm árum. En verkefnið eru bara svo fjölbreytt og andrúmsloftið kringum stofnunina og staðinn svo frjótt og gott að manni finnst stutt síðan ævintýrið byrjaði.

Hvort það er hollt fyrir starfsemina að hafa sama skipstjórnann svona lengi má hins vegar deila um en ætli maður klári ekki allavegana CINE verkefnið.“

Gott ráð við kvefi og kinnholubólgu

Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xylometazólinhýdróklóríð. Bólgu og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

EINAR SIGURÐSSON BÁTASMIÐUR:

Gerði Fáskrúðsfjörð að stórveldi í bátasmiði

Áttunda apríl 2017 voru 120 ár síðan Einar Sigurðsson, bátasmiður á Fáskrúðsfirði, fæddist suður á Djúpavogi. Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar heiðraði minningu stórbrotins velgjörðarmanns og máttarstólpa byggðarlagsins með því að reisa honum minnisvarða í skrudgarðinum á Fáskrúðsfirði og framan við hann stendur einn bátur hans, REX. Einar Sigurðsson gerði sjávarplássíð Fáskrúðsfjörð að stórveldi í bátasmiði á Austfjörðum og þótt víðar væri leitað um strendur landsins. Talið er að fyrr á öldum hafi austfirskir bátar verið minni en í öðrum landshlutum. Á tímabilinu 1397 - 1570 munu 27 teinæringar (með fimm árar á borð) vera nefndir í Fornbréfasafni en enginn þeirra á Austurlandi og frá 1186 - 1570 eru engir áttæringar nefndir fyrir austan, en a.m.k. 43 annars staðar en nokkurra sexæringa mun þó vera getið. Fram á fyrsta tug þessarar aldar var svipað uppi á teningnum, stærstu bátar í eigu Íslendinga voru ekki austfirskir. Því er líklegt að Austfirðingar hafi einkum notast við fjögra og tveggja manna för og í litlum mæli sexæringa. Ástæða þess að austfirskir bátar voru ekki stærri er sú að ekki var róid fyrir Austurlandi á vetrum, heldur um sumur, vor og haust. Til sóknar á miðin á þeim árstímum þurfti ekki stórra báta við. Alveg fram til þessarar aldar voru bátar á Austurlandi smíð-



REX NS-3, byggður af Einari Sigurðsson 1963. Settur upp til minningar um tréskipasmiði á Fáskrúðsfirði.

aðir úr rekaviði eða viði úr strönduðum skipum, að því er heimildir greina.

Veðiskapur á Austfjörðum með útlendu sniði

Sú umbylting varð í austfirskri útgerð á síðustu áratugum 19. aldar að Færeyingar og síðar Norðmenn tóku að flykkjast á fiskimiðin fyrir Austurlandi. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur tók svo til orða árið 1898 að „allur veðiskapur er nú á Austfjörðum með útlendara, þ.e. færeysku og norsku, sniði en nokkurs staðar annars staðar á landinu,“ og í byrjun þessarar aldar voru langflestir austfirskir bátar smíðaðir erlendis. Hér er átt við árabáta því þegar bjarna tók af nýrri öld hélt tími vélbáta innreið sína á Austfirði. Stefán Th. Jónsson á Seyðisfirði var þar frumkvöðullinn en hann keypti árið 1904

mótorbát í Danmörku. Var báturinn látinn heita Bjólfur og kom til landsins í aprílmánuði. Þegar í stað lukust augu útgerðar- og sjómanna upp fyrir því að þar var komið fley sem fengur væri í. Stefán auglýsti að þeir sem vildu gætu pantað hjá sér mótör og bát „... hingað kominn með öllum áhöldum...“ Er ekki að orðlengja það að innfluttum dönskum bátum fjölgaði svo ört hér á landi að ekki leið á löngu þar til danskar bátasmiðastöðvar höfðu ekki undan að sinna eftirspurn frá Íslandi. Hlaut þá að draga til þess sem raunin varð að Íslendingar kæmu sjálfir á laggirnar bátasmiðastöðvum. Voru tvær settar upp í byrjun, á Seyðisfirði og Eskifirði. Hin seyðisfirski snemma árs 1905 og var Stefán Th. þar að verki og umsjón með því hafði Friðrik Gíslason úrsmiður. Fyrsti bátur-

inn var Lagarfljótsormurinn og flutti fólk og varning á Lagarfljóti. Þórarinn Tulinius átti bátasmiðastöðina á Eskifirði. Fyrri hluta árs 1906 tók stöðin til starfa og stýrði smiðinni danskur mótörbátasmiður. Þessar fyrstu vélbátasmiðastöðvar áttu að vísu ekki langlífi að fagna en vélbátöldin var gengin í garð og að fyrstu stöðvunum slepptu tóku allmargir til hendinni við bátasmiðar og verður haft fyrir satt að þriðji fjórðurinn, þar sem bátar voru smíðaðir, hafi verið Norðfjörður. Eftir fyrstu hrinuna í vélbátasmiði á Austfjörðum dró brátt verulega úr starfsemi og fyrstu bátasmiðastöðvarnar lögðu upp laupana eða færðust minna í fang.

Fyrstu innfluttu vélbátarnir

Fyrstu innfluttu vélbátarnir voru súðbyrtir tvístefnunar eins og það er kallað, með því er átt við að borðin í skroknum mynduðu skarsúð þar sem hvert borð, talið að ofan, gekk að hluta yfir á næsta borð fyrir neðan og stefni voru að framan og aftan (skutur). Borð og bönd (v-laga máttarviðir sem liggja þvert um bátinn og borðin eru boltuð og hnoðnegld gegnum böndin og líkja mætti við sperrur í húsi) voru úr eik. Bátarnir voru jafnan 6-10 tonn á stærð (þ.e. báru þann þunga) og vélarkraftur 6-10 hestöfl. Um vélna var skýli eða kassi því að henni varð að hlífa. Í fyrstu voru bátarnir opnir, þilfarslausir, og eftir fá ár höfðu flestir verið styrktir með því að fjölga böndum og var lúkar settar að framanverðu. Síðar voru þeir með stýrishúsi.

Um tvítugt hélt Einar til Reykjavíkur, vann og nam um skeið í trésmiðju Völundar og lauk jafnframt iðnskólanámi og varð meistari í húsasmiði. Eftir það fór hann til náms og starfa í húsasmiði á Sandnesi í Nor-egi. Síðar lærði Einar skipateikningar í Reykjavík og hlaut meistararéttindi í skipasmiði. Árið 1921 settist Einar að á Fáskrúðsfirði og hófst handa við iðngrein sína. Stofnaði hann trésmiðafyrirtæki ásamt Benedikt Sveinssyni húsasmiði. Hlaut það nafnið „Trésmiðaverksmiðja Austurlands.“ Samstarf þeirra Benedikts varð skammlíft og að því loknu starfrækti Einar fyrirtækið einn síns liðs. Það var í sjóhúsi föður hans og síðar, þegar umsvifin jukust, fjölgaði húsunum, byggð voru bátaskýli og hús undir vélsmiði og verslun. Verkstæðishúsin voru innst í Búðarþorpi skammt fyrir utan Odda, íbúðarhús Einars sem hann hafði reist sjálfur. Verkstæðið var jafnan kennt við Odda og nefnt Oddaverkstæðið.

Ekki þýddi að hefja trésmiðar áhaldalaus. Sá Einar í blaði að danskt fyrirtæki auglýsti trésmiðavélar svo að hann brá undir sig betri fætinum, hélt til Danmerkur og samdi við fyrirtækið um kaup á vélum og komu þær til Fáskrúðsfjarðar 1925. Þær helstu voru; stór bandsög, hjólsög og þykktarhefill, knúnar með olíumótör úr bát föður hans þangað til rafmagn leysti hann af hólmi. Þá þurfti og að kaupa handverkfæri, sem urðu mörg rafknúin í



Minnisvarði um Einar Sigurðsson húsa- og skipasmiða-meistara í Odda og heiðursborgara Fáskrúðsfjörðar.

Út af Oddaverkstæðinu runnu fjölmargar trillur og skektur. Sjálfum taldist Einari svo til að hann hefði smíðað um 100 opna vélbáta á starfsferli sínum og tugi árabáta. Þilfarsbátarnir urðu tuttugu.

tímans rás. Umsvifin urðu brátt mikil, hann hafði samtímis undir eða í smíðum, auk bátasmiðinnar, hús á Búðum, prestshúsið á Kolfreyjustað, Franska spítalann, sem verið var að endurreisa í Hafnarnesi, og hús á Þorvaldsstöðum í Breiðdal sem reist var úr afgangsviði úr gamla spítalanum. Árið 1926 tók hanna að sér að smíða opinn vélbát sem hann ætlaði raunar sjálfum sér en seldi þó bóndanum á Urðarteigi við Beruförð. Lauk hann því verki á mánuði eða svo. Gekk það svo greiðlega að það hvatti hann til frekari dáða í bátasmiði og næstu áratugi runnu út af Oddaverkstæðinu fjölmargar trillur og skektur. Sjálfum taldist Einari svo til að hann hefði smíðað um 100 opna vélbáta á starfsferli sínum og tugi árabáta. Þilfarsbátarnir urðu tuttugu. Í bátasmiði fór Einar Sigurðsson ekki troðnar slóðir, hún mótaðist einkum af hugmyndum hans sjálfs um það hvernig bátar ættu að vera til að hæfa og standast sjólag fyrir Austurlandi, þar sem straumkast getur verið mikill og hnútar myndast. Bátarnir voru jafnan 22 fet á lengd og um 6 fet á breidd með um 20 þverböndum. Eftir að þremur 19 tonna bátum fyrir Samvinnufélag Búðahrepps var hleypt af stokkunum 1935 lá smiði þilfarsbáta á Fáskrúðsfirði að mestu leyti niðri til ársins 1944. Árið 1960 var á Oddaverkstæðinu smíðaður 13 tonna þilfarsbátur, Andey. Sá bátur var fyrsti frambyggði vélbáturinn á Austurlandi. Kostir frambyggðra báta eru t.d. þeir að dekkrymi er þá meira og áhöfnin er í skjóli þegar mikil bræla er. Síðasti þilfarsbáturinn, sem smíðaður var á Oddaverkstæðinu undir stjórn Einars, var Hafborg 1967.

Árið 1929 gekk Einar að eiga Þórhildi Þorsteinsdóttur frá Löndum í Stöðvarfirði, dótturdóttur séra Guttorms Vigfússonar í Stöð og eignuðust þau sex börn. Þórhildur lést 1940 af barnsforum en síðar giftist hann Unni Pétursdóttur frá Rannveigarstöðum í Álftarfirði. Hann var sæmdur riddarakrossi fálkaorðunnar og varð heiðursborgari Búðakauptúns. Einar lést 3. febrúar 1984.

GG

NÝ HUGSUN
NÝIR TÍMAR

Smart einbýli



Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti. Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þarfir kaupendanna. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög. En einnig fyrir bæjar- og sveitarfélög sem vilja taka þátt í að koma upp húsnaði á hagkvæman og skjótan hátt.

Húsin falla undir reglugerð Velferðarráðuneytisins númer 555/2016 og síðar breytingu númer 1052/2017 hvað varðar stofnframlög/styrki ríkis og sveitarfélaga fyrir leigufélög. Húsin eru framleidd og afgangurinn úr verksmiðju með baði, eldhúsi og öllum innréttingum tilbúin til flutnings í samvinnu við Samgöngustofu um leiðir á viðkomandi byggingastað.

Allar teikningar fylgja með fyrir hvern byggingastað, og einnig sérhannaðar forsteyptar sökkulundirstöður sem gerir uppsetningu húsanna mun hagkvæmari og fljóttari í alla staði. Við hjá Húseiningu sjáum um flutninginn fyrir kaupendur í samvinnu við traustan flutningsaðila.



Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144. www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum



Hæðarstillanleg rafdrifin borð
stuðla að betri líkamsstöðu og
bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

FJARÐAÁL ÚTHLUTAÐI SAMFÉLAGS- OG ÍPRÓTTASTYRKJUM

Í lok sl. árs úthlutaði Alcoa Fjarðaál styrkjum úr styrktarsjóði og úr íþróttasjóðnum Spretti. Samtals var úthlutað 16 milljónum úr styrktarsjóðnum til margvíslegra samfélagsverkefna á Austurlandi. Þá var úthlutað 2,3 milljónum króna úr íþróttasjóðnum Spretti sem Fjarðaál styrkir árlega en ÚÍA heldur utan um.

Hæstu styrkina frá Fjarðaáli árið 2017 hlaut annars vegar Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði en þar er unnið að því að grafa upp skála frá því snemma á 9. öld og þykir það afar merkilegur fornleifafundur. Nokkuð af gripum hefur fundist í rústunum sem varpa ljósi á lífnaðarhætti þessa tíma. Styrkurinn var ein milljón króna.

Hins vegar hlutu Hollvinasamtök Hústjórnskólans á Hallormsstað eina milljón króna í styrk til að hanna og sauma refil sem mun segja sögu Hrafnkels Freysgoða og er því vísun í menningararf Austurlands. Refillinn verður 20–30 metra langur og reiknað er með að vinnan spanni um átta ár. Vinna er hafin hafin við hönnun refilsins í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Alls hlutu um 50 félög á Austurlandi styrki vegna hinna ýmsu verkefna. Að sögn Smára Kristinssonar veitir Fjarðaál styrki fyrir um 130 milljónir króna árlega. Stærsti styrkurinn hvert ár rennur til Vín Vatna-jökuls og er hann yfir 50 milljónir. Þá eru ótaldir styrkir frá Alcoa Foundation sem styrkir eintök verkefni, fyrst og fremst á sviði umhverfis- og menntamála.

Styrkir úr styrktarsjóði Fjarðaáls árið 2017

- Eðrufélag Verkenntaskóla Austurlands (EVA). Styrkurinn er veittur til að efla starf félagsins svo það geti stuðlað að heilbrigðri og vímuefnalausri skemmtun fyrir ungmennt.
- East Wellness Vikings. Styrkurinn er veittur vegna uppbyggingar á götuþrípraut á Eskifirði.
- Ferðafélag Fljótsdalsshéraðs. Annars vegar styrkur til að kaupa öryggisbúnað fyrir Sigurðarskála í Kverkfjöllum og hins vegar endurnýjun á bæklengi um 22 heiðabýli á Jökuldals- og Vopnafjarðarheiði.
- Lionsfélag Eskifjarðar. Lionsfélagið ætlar að bjóða upp á ýmsa afþreyingu fyrir vistmenn Hulduhlíða.
- Litla ljóða hámerin. Hlýtur styrk til að halda Litlu ljóðahátíðina í Norðaustur-urriki og Ljóðagöngu í skógi en báðir viðburðir hafa farið fram og heppnuðust með ágætum.
- Stafkrókur - Ritsmiðja Austurlands. Bjóða upp á ritlistarnámskeið fyrir 10-16 ára börn í samstarfi við grunnskólana á Austurlandi.
- Tónlistarstundir. Sumartónleikaröð í Vallaneskirkju og Egilsstaðakirkju.
- UMF Neisti. Styrkur til að bjóða upp á forvarnarstarf: Eðrúlfirði fyrir alla.
- UMF Hrafnkell Freysgoði. Setja upp verkið Gíslí á Uppsölum í Frystihúsinu.
- Breiðdalssetur. Ljúka við og gefa út jarðfræðikort Austurlands.
- Félag um minningarreit við Sleðbrjótiskirkju. Styrkur veittur til að ljúka við útilistaverk við kirkjuna.
- Ferðaklúbburinn 4x4 á Austurlandi. Setja upp kamar við bjálkahús að Vöðlum á Smjörvatnsheiði og hins vegar til að fara í jeppaferð með skjólstaðinga félagsþjónustunnar á Héraði og í Fjarðabyggð. Farið var í Vöðlavík fyrr í haust og ferðalangarnir komu við í Alcoa á heimleiðinni í kaffi.
- Hollvinasamtök Hjaltalundar. Styrkur til að halda málþingið í fótspor Jóns lærða á Úthéraði.

- Söguslóðir Austurlands. Styrkur til að halda ráðstefnuna „Með öræfin í bakgarðinum“ sem fram mun fara á árinu.
- Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum. Uppsetning á leikritinu „Wake me up....before you gogo.“
- Tengslanet austfirskra kvenna (TAK). Styrkurinn er veittur vegna viðburða á vegum félagsins, meðal annars vegna ráðstefnunnar Auður Austurlands.
- Tónlistarmiðstöð Austurlands. Styrkur vegna verkefnisins Fjörir austfirskir listamenn en þeir hyggjast standa fyrir nýársstónleikum í janúar 2018 en þar verður boðið upp á vínarvalsa og léttar óperuáriur.
- Menningarfélagið Tær. Sýningarferð um Austurland með dansverkið Macho Man.
- Foreldrafélag leikskólans Tjarnarskógar. Til kaupa á 45 barnabílstólum til að nota í rútuferðum á vegum leikskólans.
- Hljómsveitin Dægurlagadraumar. Hlutu styrk til að halda tónlistarskemmtanir víða um Austurland síðasta sumar. Sveitin samanstendur af sjö tónlistarmönnum frá Neskaupstað, Eskifirði og Djúpavogi. Þau hafa vakið athygli síðustu ár fyrir flutning dægurlagaperla og tekst vel að fanga með tíðaranda 6. og 7. áratugarins.
- Leikfélagið Djúpið (Verkenntask. Austurlands). Leikfélagið setti fyrr á árinu upp söngleikinn „We will rock you“ og þá ætla þau einnig að bjóða upp á leiklistarnámskeið fyrir nemendur VA þetta skólaárið.
- Miðstöð menningarfræða. Hlýtur styrk til að skrásetja menningarsögu Seyðisfjarðar frá 1880 fram til dagsins í dag.
- Bláa Kirkjan. Styrkur til að halda sumartónleikaröð í Seyðisfjarðarkirkju sl. sumar, en þetta var í 20. skiptið sem þessi tónleikaröð fer fram.
- Skaftfell. Fræðsluverkefni Skaftfells árið 2017 sem var Listsmiðja fyrir alla

- nemendur á miðstigi á Austurlandi.
- Tónleikafélag Austurlands. Uppsetning á viðamiklum tónleikum með það að markmiði að safna peningum til að styrkja geðheilbrigðisstarf á Austurlandi og leyfa ungum og uppnennandi listamönnum að njóta sín.
- Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi (ÆSKA). Farskóli leiðtogaefna á Austurlandi.
- Foreldrafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar. Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga.
- Björgunarsveitin Geisli á Fáskrúðsfirði. Styrkur til að kaupa björgunartækið Rescuerunner fyrir björgun í sjó, vötnum á ám.
- Blátt áfram. Styrkur til að halda námskeiðið Verndarar barna á Austurlandi.
- Hollvinasamtök utanspítalþjónustu í Fjarðabyggð. Söfnun fyrir endurlífgunardúkk – Sim-Man.
- Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalsshéraði (HFF). Kaup á hjóli til að rjúfa félagslega einangrun og bjóða upp á aukna útveru vistmanna á Dyngju.
- Rauði krossinn á Eskifirði. Kaup á hjóli fyrir Hulduhlíð til að rjúfa félagslega einangrun.
- Íbúasamtök Fáskrúðsfjarðar. Styrkur til að útbúa fjölskyldu- og útivistarsvæði í Skráðgarðinum á Fáskrúðsfirði.
- Íþróttafélagið Höttur. Kaup á útiæfingataekjum fyrir heilsustig í Selskógi.
- Menningarmiðstöð Fljótsdalsshéraðs. Námskeiðsstyrkur vegna gerð stuttmynda fyrir stelpur á aldrinum 13 – 15 ára.
- Skjala- og myndasafn Norðfjarðar. Styrkur vegna samstarfsverkefnis safnsins og Héraðsskjalasafns Austurlands um skönnun á gömlum hreppsgögnum.
- UMF Súlan, Stöðvarfirði. Styrkur vegna hátíðardagskrár í tilefni af 90 ára afmæli félagsins.
- Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (ÚÍA). Styrkur vegna farand-

- þjálfunar árið 2018.
- Ungt Austurland. Styrkur vegna vel heppnaðrar byggðarráðstefnu ungra Austfirðinga á Borgarfirði eystri, en hún fór þar fram í aftakaveðri síðasta vor.
- Félagsmiðstöðvar í Fjarðabyggð. Styrkur vegna ungmenntahátíðarinnar Kuldabola.
- Björgunarsveitin Gerpir Neskaupstað. Styrkur til endurnýjunar á öryggisbúnaði í björgunarbátum Glæsi.
- Náttúrustofa Austurlands. Styrkur til uppstoppunar á hreindýrstarfi fyrir safnið.
- Safnastofnun Fjarðabyggðar. Styrkur vegna forvörslu gamalla ljósmynda á Austurlandi.
- Skólaskrifstofa Austurlands. Innleiðing á verkefni Barnaheilla „Vínátta“ í leikskólum á Austurlandi en um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti.
- Verkenntaskóli Austurlands. Tækni-dagur fjölskyldunnar sem er frábærlega vel heppnað verkefni sem stækkar með hverju árinu sem líður.
- Björgunarsveitin Hérað. Kaup á búnaði m.a. grjóndýnu, endurnýjunar á klifurbúnaði og kaupa á straumvatnsbáti.
- Hollvinasamtök FSN. Styrkur vegna búnaðarkaupa fyrir sjúkrahúsið í Neskaupstað, annars vegar til þess að endurnýja þrekhlól sem notað er við þolpróf og hins vegar vegna kaupa á viðbótartæki við nýtt hjartaómskoðunartæki spítalans.
- Björgunarsveitin Ársól. Styrkur til kaupa á nýjum björgunarbáti.
- Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði. Uppgröftur skála frá því snemma á 9. öld.
- Hollvinasamtök Hústjórnskólans á Hallormsstað. Styrkurinn er veittur til að hanna og sauma refil með rætur í sögu og menningararf Austurlands. Refillinn verður 20 – 30 metra langur og reiknað er með að vinnan spanni ein 8 ár.

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Gleðilegt nýtt ár og þökkum samfylgdina á lidnu ári



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Langanesbyggð



HEF
HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA



STARFSGREINAFÉLAG



HUGVIT Í VERKI



FJARÐABYGGÐ



ALCOA



HB GRANDI



Seyðisfjarðarkaupstaður



Skinney - Þinganes hf

VOPNAFJARDAR
HREPPUR



RAFIÐNÁÐARSAMBAND
ÍSLANDS




Sveitarfélagið Hornafjörður



STÉTTARFÉLAG



BRÚNÁS



Guðjón Sveinsson.

Margar perlur breiðdælsks skálds

Ljóðasafn Guðjóns Sveinssonar kom út fyrir jólin.

Guðjón Sveinsson rithöfundur og skáld er fæddur að Þverhamri í Breiðdal, Suður-Múlasýslu, 25. maí 1937. Auk ritstarfa hefur Guðjón fengist við ýmis störf til sjós og lands í gegnum tíðina og verið virkur í sveitarstjórnarmálum og sat hann í hreppsnefnd Breiðdalshrepps frá 1970 í um 20 ár, þar af í starfi oddvita í 8 ár. Guðjón Sveinsson er mjög afkastamikill rithöfundur en fyrsta bók hans kom út 1967 en ljóðasafnið „Þegar skó af skönkum dreg – við skapadóm“ telst vera 38. útgefna bók skáldsins. Hann hefur skrifað fjölmargar bækur fyrir börn og unglinga, allt frá dýrasögum til leynilögreglusagna. Í sex barnabókanna segir Guðjón frá sömu fjölskyldunni, Glaumbæingum, og kom sú fyrsta, Glatt er í Glaumbæ út 1978 og hefur verið endurútgefin tvisvar síðan. Guðjón hefur skrifað nokkrar skáldsögur fyrir fullorðna og er þar merkast að telja fjögurra binda skáldverk sem kallast

Sagan af Daniel og kom út á árunum 1994-1999. Þar er sögð á næman og áhrifaríkan hátt þroska- og örlaga-saga drengs til fullorðinsára og um leið gefur verkið einstaka innsýn inn í lifnaðarhætti í litlu sjávarþorpi úti á landi um miðbik tuttugustu aldarinnar. Í ljóðasafninu hefur verið safnað saman ljóðabókunum sex sem komu út á árunum 1991-2010, og aukið um nokkur óbirt ljóð. Einnig hefur Guðjón birt smásögur, ritgerðir og greinar í ýmsum blöðum og tímaritum auk þess sem hann er meðhöfundur Breiðdælu hinnar nýju sem kom út 1986-7. Guðjón Sveinsson hefur hlotið viðurkenningu barnabókasamtaka IBBY fyrir ævistarf sitt, en fyrsta barnabókin, Njósnið að næturþeli kom út árið 1967. Þá kenndi Guðjón við barnaskólann á Staðarborg í Breiðdal og sendi árlega frá sér bók í sama anda næstu fjögur ár og sú sjötta bættist við tveimur árum síðar. Guðjón kallaði þær oft „reyfarana sína“, þær eru skrifaðar í þeim anda sem þá ríkti í gerð barnabóka hér á landi.

Góð eftirmæli í bókmenntasögunni

Í eftirmála bókarinnar hefur útgefandinn, Félag ljóðunnenda á Austurlandi, hvar Magnús Stefánsson fer fremstur í flokki rakið höfundarferil Guðjóns í læsilegum kafla. Vill Austri draga hér fram nokkra mola úr þeim fróðleik Magnúsar. Um barnabækurnar segir þar:

„Fyrirmyndin var að nokkru sótt út fyrir landsteinana, til frægra höfunda og metsölubóka þeirra og hafa slíkar bækur fengið misjöfn eftirmæli í bókmenntasögunni. Í því samhengi má þó geta þess sem Silja Aðalsteinsdóttir, bókmenntamógull, segir um sögur Guðjóns í bókinni Íslenskar barnabækur sem út kom árið 1981. Hún fer nokkuð hörðum orðum um reyfara almennt og marga höfunda sem höfðu skrifað fyrir unglinga. En um Guðjón segir hún að höfundurinn sé „sá eini sem hefur tekist verulega vel að skrifa íslenskar leynilögreglusögur handa unglingum.“ (Silja 284). Hún rökstyður mál sitt meðal annars á þennan veg: „Guðjóni gengur furdanlega að gróðursetja sögur sínar í íslenskri mold, enda sparar hann ekki lýsingar á umhverfi og náttúru. Þær lýsingar eru oft góðar en stíga stundum nokkuð í stíf við atburðina sem gerast, því þær geta verið allt að því ljóðrænar. Einnig vísar Guðjón til raunverulegra atburða og staðreynda í íslensku þjóðlífi og sögu, sem gefur bókunum sérstæðan svip.“ (Silja 284-285). Þessar tilvitnanir styðja þá skoðun að Guðjón hafi strax í upphafi skapað sér sína eigin stefnu og aðferðir sem rithöfundur, jafnvel á meðan hann er enn að skrifa hinar spennandi unglingabækur.“

Ljóðagerð Guðjóns

Hið veglega ljóðasafn sem Félag

Veðurspá

Varmur er kaldinn af heiðinni gælir við gömul strá. Strangbrýn stara fjöllin í staflýgnan, sofandi sjá.

Kveður í eyrum óljós þytur er löngu leið hjá. Vakir sem forðum í rósbleikri nóttu eilífð undurlá.

Vissum ei þá að völt og hverful er heimsins sjá.

Blikar í vestrinu veðurspá.



Ljóðunnenda á Austurlandi hefur tekið saman birtir nokkuð greinargott yfirlit yfir ljóðagerð Guðjóns. Guðjón samdi fyrstu vísur sínar og ljóð strax í æsku og hefur lengst af stundað ljóðagerð samhliða öðrum ritstörfum og birt ljóð í blöðum, tímaritum og nokkrum safnritum. Samt var það ekki fyrr en árið 1991 að hann sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók, Með eitur í blóðinu. Þar birtust líðlega 60 ljóð, ort á árunum 1983-1985 um baráttu höfundar við erfiðan sjúkdóm og afleiðingar hans. Aðra ljóðabók sína gaf Guðjón út árið 1998 og tileinkaði hana „öllu skógræktarfólki og öðru er ann ræktun og óspilltu umhverfi.“ Til-einkunin hæfir vel efni og anda ljóðanna. Bókin hlaut heitið Í garði konu minnar. Þriðju ljóðabókina tileinkaði Guðjón konu sinni, Jóhönnu Sigurðardóttur. Bókin kom út á afmæli Jóhönnu, 18. maí 2002 og nefnist einfaldlega: Á afmæli konu minnar. Það sem öðru fremur gerir útgáfuna sérstaka er geisladiskur sem fylgdi bókinni og hefur að geyma tónlist eftir höfund hennar. Ekki var ljóðabrunnur Guðjóns þurrausinn eftir útkomu þessara bóka því að hann sendi frá sér þrjár ljóðabækur í viðbót á árunum 2008-2010. Þær nefnast Ljóð og litir I-III. Þetta eru nokkuð sérstakar ljóðabækur, fallegar útlits og í stóru broti. Í hverri opnu blasir við mynd á vinstri síðu og ljóð á þeirri hægri. Langflest ljóðin í ljóðasafninu sem hér er um rætt hafa áður birst í þessum sex ljóðabókum eins og áður sagði.

Útsala



TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Ópið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Ný netverslun

Roomers
skenkur
46.823

Oslo
skóskápur
19.144

Retro
eldhúsbörð
37.332

Nashville
bókaskápur
41.867

Verð miðast við gengi krónunnar 15/12/17

Hirzlanheimili.is

Netverslun

Lágt verð alla daga
Afhendingartími 4-6 vikur

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi


Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir
húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
 - 2- Gólfhiti Rafmagns
 - 3- Sjónvarpsfesting á lið
 - 4- Rafgeymakerfi
 - 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
 - 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.350.000 kr.



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfella legir rafstíllanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

OUTLANDER INSTYLE - Verð 4.760.000 kr.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA
ABYRGÐ**
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum



Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 822 8318 og
austri.ritstjorn@gmail.com

AUSTRI

1. tölublað
2. árgangur

Fánaprentun

- Útifánar
- Borðfánar
- Hátíðarfánar

544
2030
MERKIS
MENN
www.merkismenn.is

Hey! Ég veit!
Búum til geðheil-
brigðiskerfi!

Andleg heilsa Íslendinga er ekki á réttari leið. Við eigum yfirburðaheimsmet í notkun þunglyndis, kvíða og svefnlyfja og hefur notkun þeirra aukist hratt síðustu ár. Rannsóknir á geðheilsu ungmenna benda til þess að henni fari almennt hratt versnandi. Ég hef lengi haft áhuga á geðheilbrigðismálum, en þau hafa verið mér enn ofar í huga síðan ég missti bróður minn úr geðsjúkdómi þann 19. apríl á síðasta ári. Sú reynsla, veikindi hans og ómurlega ótímabært andlát, veittu mér persónulega innsýn í það að við höfum ekkert kerfi til að berjast kerfisbundið gegn andlegum veikindum. Það er ekkert geðheilbrigðiskerfi! Það sem við höfum er brotakennt „klösterfólk“. Ég ætla því að leggja til þá djörfu tillögu að við stofnum geðheilbrigðiskerfi!

Ég ímynda mér að slíkt kerfi myndi vinna að því að fyrirbyggja geðsjúkdóma, greina þá snemma og meðhöndla þá markvisst. Við þurfum að fræða börn, unglinga og fullorðna um það hvernig hægt er að umgangast með uppbyggilegum hætti þær erfiðu tilfinningar og hugsanir sem óhjákvæmilega fylgja því að vera manneskja. Til þess þurfum við gott námsefni og hæfa leiðbeinendur. Svo þurfum við að veita fólki skjóta aðstoð þegar það lendir í andlegum krísum. Ég sé fyrir mér að þjálfa til þess stóran hóp af klára fólki sem getur sinnt því hlutverki að veita fyrstu hjálp, greina alvarleika vandans og vísa fólki strax á viðeigandi úrræði ef þörf er á sérfræðiaðstoð. Þröskuldurinn að fyrstu aðstoð og greiningu ætti að vera mjög lágur þannig að þessi framlína þarf að vera breið. Svo þarf úrræði sem taka við þeim sem þurfa frekari aðstoð: Sálfræðinga og geðlækna. Sú þjónusta á að vera gjaldfrjálss og nægilega öflug til að anna eftirspurn. Góð framlína að auki og forvarnir myndu líklega snarminnka álagið á fagfólkið og með tímanum minnka þörfina fyrir innlagnir. Hvernig hljómar þetta? Nokkuð vel? Ágætis byrjun? Ok.

Ef ég, áhugamaður úti í bæ, í náttbuxum með kaffibolla, get teiknað nokkuð sannfærandi mynd af fúnkerandi geðheilbrigðiskerfi í stuttum pistli, þá hlýtur einhver snillingur í Velferðarráðuneytinu að geta gersamlega massað þetta.

Sigurður Ólafsson, ráðgjafi

Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn Nýtt frá geoSilica



Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni. Hann er eitt algengasta steinefni jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs. Bandvefur getur t.d. verið beinvefur, sinar, liðbönd og húð. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaeftir.



Recover Fyrir vöðva og taugar

Kísilsteinefni styrkir allan bandvef líkamans t.d. brjósk, sinar og liðbönd. Þannig getur geoSilica Recover dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. geoSilica Recover er magnesíumbætt, en magnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins.



Renew Fyrir húð, hár og neglur

Rannsóknir* sýna að kísill stuðlar að skilvirkari myndun kollagens í líkamanum. Þannig getur geoSilica Renew styrkt húðina og gert hana stinnari. geoSilica Renew getur einnig grynnað örhrökkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. geoSilica Renew er sink- og koparbætt. Sink og kopar eru lífsnauðsynleg steinefni en rannsóknir* sýna að þau stuðla að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlós og kloffna enda.



Repair Fyrir bein og liði

geoSilica Repair getur aukið beinþéttni en rannsóknir* sýna að dagleg inntaka kísils getur dregið úr beinþynningu og jafnvel hægt á henni á byrjunarstigi, sérstaklega hjá konum. geoSilica Repair er manganbætt en það á ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti s.s. myndum brjósk og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga og ónæmiskerfis.

*<http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements>

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum,
Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica
ICELAND

geoSilica Iceland ehf. – Grænásbraut 506 – 235 Reykjanesbær – www.geosilica.is

ENZYMEDICA®

**Söluhæsta
meltingarvaran í
Bandaríkjunum**

